

Dans og skapandi ferli 8. bekkur (2023-2024)

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Kennslan byggist á því að kynna nemendum fjölbreyttar leiðir innan dansformsins. Nemendum gefst tækifæri til að kynna grundvallaratriðum í nútímalistdans, spunavinnu og fjölbreyttum leiðum og aðferðum í danssmíði. Nemendur fá að sjá myndbandsbrot ólíkra dansverka og danshöfundu og fræðast um birtingarmyndir dans í samtímanum og í samræmi við þá þekkingu og fræðslu verða nemendur kynntir fyrir hinum ýmsu dansstílum. Áhersla er lögð á að opna hugann fyrir sköpun, að uppgötva nýjar hreyfingar, þjálfá samvinnu, samskipti og að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð. Stuðst er m.a. við kennslufræði Anne Green Gilbert. Í útfærslu Gilbert notar hún hugmyndafræði Rudolf von Laban sem innblástur við gerð dansþemu sem skiptast niður í fjóra flokka, rými, tíma, afl og líkama, og er hver kennslutími byggður á þessum fræðum.

Kennslugögn: Myndbönd, ljósmyndir, blöð, skrifffæri o.fl

Kennarar: Guðrún Óskarsdóttir og Sóley Ólafsdóttir

Námsáætlun

1. vika: Kynning á lotunni og hópurinn að kynna. Farið er yfir áherslur, hæfniviðmið og væntingar. Hugarkort - Hvað er dans? Hverju hafið þið áhuga á, hvað langar ykkur til að læra? Nemendur búa til dansreglur og ræða hvernig hópurinn vilji vinna þannig að öllum líði vel og finni fyrir öryggi.

2. vika: Unnið er með dansþemu; rými og form. Áherslan er á æfingar til að styrkja rýmisvitund, líkamslæsi og vinna að trausti innan hópsins. Traust og vellíðan innan hópsins er grundvallaratriði til að geta farið í áframhaldandi skapandi vinnu. Nemendur skapa dans með ólíkum leiðum, bæði í stórum hópi og í minni hópum. Nemendur byrja einnig að læra dansrúttinu frá kennara sem svo mun byggjast ofan á.

3. vika: Unnið er með dansþemað líkamshlutar og haldið er áfram að styrkja líkamslæsi nemenda. Nemendur læra dans út frá áhugasviði hópsins, í hverjum tíma er fleiri sporum bætt við. Sporin sem nemendur læra eru síðan hægt og rólega sett saman í lengri rúttinur og þannig þjálfá nemendur líkamsminni.

4. vika: Unnið er með dansþemu; stærð og hraði/taktur. Haldið áfram að vinna með endurteknar æfingar og líkamslæsi. Unnið er með tónlist og takt og þannig eru nemendur kynntir fyrir dansþemanu „hraði“. Á þennan hátt getum við nálgast þekktar æfingar og færni með nýrri áskorun.

5. vika: Nemendur eru kynntir fyrir ólíkum dansverkum og hvernig nútímadans getur birst á ólíkan hátt. Nemendur vinna hópverkefni út frá dansverkunum.

6. vika: Unnið með dansþemað þyngd, þyngd skoðuð sem kjarni í hreyfingu, hvernig sama hreyfing getur verið framkvæmd með mismunandi áherslum og mismikilli spennu. Leitast er við að dýpka skilning á eigin hreyfingum og markmiðið er að nemendur öðlist aukna líkamsstjórn.

7. vika: Nemendur kynna dansleikhúsi og farið verður í ólíkar leiklistaræfingar til að efla framkomu og sjálfstraust. Nemendur æfa virðingu sem áhorfendur og setja sig í spor þeirra sem fram koma.

8. vika: Nemendur eru hvattir til að nýta verkfærin sem þeir hafa aflað sér í eigin dansi. Nemendur leita að eigin hreyfingum og deila með hópnum svo vinnur hópurinn saman að setja hreyfingarnar saman, hópans.

9. vika: Samsköpun. Setja saman efni frá kennara og dansa frá nemendum frá fyrri vikum, þannig skapa allir saman atriði. Nemendur vinna áfram með líkamsminni og framkomu. Í síðustu vikunni verður lögð áhersla á dansgleði, uppbyggilega gagnrýni og samtöl varðandi ferlið. Nemendur fylla út sjálfsmat.

Grunnþættir menntunar

Læsi, orðið læsi getur verið notað í víðum skilningi, t.d. að nemandinn öðlist þá hæfni og þekkingu að geta lesið í umhverfi sitt og tilfinningar. Í danstímum notum við orðið læsi t.d. í hugtakinu líkamslæsi. Þegar nemandi hefur öðlast líkamslæsi þá hefur hann skilning og góða tilfinningu fyrir því hvar eigin líkami er í rýminu í tengingu við aðra í rýminu og hvar sérhver líkamshluti er í tengslum við eigin líkama, hlut eða aðra manneskju.

Sjálfbærni, felur í sér virðingu fyrir umhverfinu og samábyrgu samfélagi, margt smátt gerir eitt stórt, við erum virkir einstaklingar í samfélaginu og í sameiningu getum við haft áhrif. Í danstímum verður leitast við að skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi fyrir nemendur þar sem nemendur eru hvattir til að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu/skólaryminu.

Heilbrigði og velferð, er meðal annars að skólaumhverfið þurfi að vera jákvætt, efla þurfi færni nemenda í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun. Í danstímum er lögð áhersla á að styrkja nemendur, bæði andlega og líkamlega, auka félagslega vellíðan og efla ábyrgð þeirra á eigin velferð. Nauðsynlegt er að nemendur öðlist skilning á þeim áhrifum sem

menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan. Markmið þessa þáttar er að styðja börn og ungmenni svo að þau geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Lýðræði og mannréttindi, áhersla er lögð á jafnrétti og að nemendur þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum. Í danstímum er áhersla á félagslegt gildi dansins sem byggir á samvinnu og þjálfun í félagslegri færni sem og þarfir nemanda á einstaklingsbundinn hátt þar sem hver nemandi fær að njóta sín og tjá styrkleika sína og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.

Jafnrétti, er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Í danstímum er áhersla lögð á þessa þætti og að allir taki virkan þátt í kennslustundinni og skapi þannig þeirra eigið litla samfélag jafnréttis og réttlætis.

Sköpun, er stór og mikilvægur þáttur í danstímum. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun byggist einnig á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Í danstímum er sköpun höfð að leiðarljósi í hverri kennslustund og leitast er við að beita skapandi kennsluáferðum

Námsmat

Námsmat skiptist í kennaramat og sjálfsmat. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á hæfniviðmiðum lotunnar, ásamt því sem horft er til virkni, frammistöðu, samvinnu, sjálfstæðis og vandaðra vinnubragða. Í seinni hluta lotunnar gera nemendur sjálfsmat þar sem þeir fá að meta sitt eigið framlag í kennslustundunum. Niðurstöðurnar birtast á Mentor.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Nám og viðfangsefni byggjast fyrst og fremst á virkni í tímum, einstaklingsvinnu og hópvinnu.

Skyldur nemenda: Að taka kennslustundina alvarlega, mæta stundvíslega, allir vinni saman og taki virkan þátt, sýna tillitssemi og kurteisi. Allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á. Mikilvægt er að sýna jákvæðni og virða jafnt nemendur sem kennara. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

Skyldur kennara: Að taka kennslustundina alvarlega, mæta stundvíslega, allir vinni saman og taki virkan þátt, að sýna tillitssemi og kurteisi. Allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð og virða nemendur. Kennari skal vera vel undirbúinn og miðla þekkingu til nemenda sinna. Kennari aðlagar kennsluhætti að þroska og getu nemenda og mætir mismunandi þörfum þeirra.

- Reglur í danssal: Nemendur sýni kurteisi í danssalnum og fari eftir fyrirmælum kennara. Nemandi beri virðingu fyrir sjálfum sér, samnemendum og danssalnum. Nemandi mæti í fötum sem auðvelt er að hreyfa sig í. Ekki skal vera með mat eða tyggigúmmi inni í danssalnum. Notkun farsíma og símaúra í danssalnum er óheimil.
- Hreinlæti: Mikilvægt að þvo hendur áður en mætt er í danstíma.
- Samskipti: Nemendur sýni samnemendum sínum og kennara virðingu og tileinki sér jákvæðni, tillitssemi og kurteisi.
- Mæting: Nemendur mæti stundvíslega í tíma.
- Virki í tímum: Nemendur taki virkan þátt í kennslustundum. Ef til þess kemur að nemendur treysti sér ekki til þess að taka þátt þá þurfa þeir að fá leyfi danskennara til þess að sitja og fylgjast með tímanum.
- Leyfi: Aðstandendur hafi samband við ritara skólans sem sér um leyfisskráningar.
- Fatnaður: Nemendur mæti í fötum sem er þægilegt að hreyfa sig í.
- Verðmæti: Öll verðmæti skal geyma inni í danssalnum meðan kennsla fer fram, þau eru á ábyrgð nemenda.
- Meiðsli: Geti nemandi ekki tekið fullan þátt í danstíma vegna meiðsla er ætlast til að aðstandendur hafi samband við danskennara. Ef nemandi meiðist í danstíma mun kennari hafa samband við umsjónarkennara og/eða foreldra og upplýsa um ástandið.
- Ágreiningur: Ef eitthvað kemur upp á hjá nemenda rétt fyrir, á meðan eða eftir danstíma er mikilvægt að sá hinn sami láti kennarann sinn vita svo hægt sé að leysa úr ágreiningi.